

<b>Styrkumsóknir til borgarráðs 2017</b>							
	<u>Tengiliður</u>	<u>Efni</u>	<u>Dags. bréfs</u>	<u>Sótt um kr.</u>	<u>Sótt um áður</u>	<u>Tillaga að styrk</u>	<u>Málsnúmer</u>
1	Renata Emilsson Peskova	Móðurmál - samtök um tvítyngi vegna verkefnastjórnar 2017/18	28.4.2017	2.000.000	Fengu 350.000 frá MAR 2015 og 1.500.000 frá borgarráði 2016. Samningur við skóla- og frístundasvið.	2.000.000	R17050001
2	Ísabella Leifsdóttir	Alþýðuóperan v. #6dagsleikinn - How to make an opera eða Bergmálsklefinn <b>UMSÖGN MOF</b>	30.9.2016	1.000.000		500.000	R17020179
3	Ársæll Niésson	RaTaTam - forvarnarmyndbönd <b>Umsögn MAR og MOF</b>	21.2.2017	2.000.000	Styrkur frá MOF fyrir upprunalega verkefninu	500.000	R17020180
4	Lára G. Sigurðardóttir	Útipúkar - Verkefni um aukna samveru, útivist og hreyfingu í Reykjavík og nágrenni <b>UMSÖGN MOF</b>	25.3.2017	ótilgreint	nei	nei	R17030255


Sæll Bjarni,

Í viðhengi er umstókn um styrk frá Borgarráði. Við höfum fengið úthlutað styrk vegna verkefnastjórnar í þrjú ár í senn og þetta framlag gerir það okkur kleift að viðhalda og þróa starfseminni.

Ég vil gjarnan koma og kynna starfsemi okkar fyrir Borgarráði ef áhugi er fyrir hendi.

Með þakklæti,  
kv. Renata

Renata Emilsson Peskova

Spolek Čestina na Islandu ( ČENI) / Félagið Tékkneska á Íslandi (TÉKÍS)  
<http://www.tekkneska.modurmal.com>

Asociace Móðurmaal / Samtökin Móðurmaal  
<http://www.modurmal.com>







Reykjavík, 29.4.2017

## Styrkumsókn til Borgarráðs Reykjavíkurborgar frá Móðurmáli – samtökum um tvítyngi vegna verkefnastjórnar 2017/18

Komið þið sæl,

Samtökin Móðurmál hafa árin 2014-2016 fengið styrk frá Borgarráði til þess að greiða fyrir stöðu verkefnastjóra. Val á verkefnastjóra var opið ferli, staðan auglýst innan samtakanna og var það ákvörðun stjórnarinnar að ég héldi áfram að vinna í þessari stöðu sem þar áður var unnin í sjálfboðaliðastarfi. Greitt staða verkefnastjóra varð til þess að meiri tími var varinn í skipulag, utanumhald, þátttöku í teyllum og ráðum, sem og viðhald vefsíðu og uppbyggilegt innra starf. Vorið 2017 var ákveðið og samþykkt að færa lögheimili til **SAMFOK**, deila skrifstofu og auka samvinnu í ráðgjöf og fræðslu til foreldra.

Reykjavíkurborg hefur verið traustur stuðningsaðili Móðurmáls; **Skóla- og frístundasvið** bauð samtökunum þriggja ára gagnvirkum samning um afnot kennsluhúsnæðis í Breiðholti sem verður endurnýjaður í vor; **Fjölmenningarstefna** nefnir samtökin sem samstarfsaðila; **Borgarbókasafn** og **Gerðuberg** leggja okkur lið í skipulagi menningarviðburða og hýsa t.d. einnig stjórnarfundum samtakanna. **Modermalscenter í Lund, Svíþjóð**, og **IHLA, International and Heritage Language Association í Edmonton, Kanada**, eru reyndir og viðurkenndir samstarfsaðilar á alþjóðlegu vettvangi.

Móðurmál býður Reykjavíkurborg sinn bókakost, en bókasöfn Móðurmáls á nokkrum tungumálum innihalda mörg þúsund barnabóka og verið er að skrá þær í Gegni, en **Skóla- og frístundaráð** hefur veitt styrk vegna hýsingu bóka. Móðurmál fékk **Foreldraverðlaun Heimila og skóla** í fyrravor og skipulagðði meðal annars sína fyrstu alþjóðlegu ráðsefnum um „Sustainable and successful heritage language programs“ með aðalfyrirlesara Prof. Bilash frá



Háskóla í Edmonton, og hefja alþjóðlegt samstarf sem miðlar þekkingu um faglega vinnu móðurmálshópa og kennara í átt að viðurkenndri starfsemi.

Hér með sæki ég um framhald styrks vegna verkefnastjórnar, til þess að geta haldið áfram í þeirri vinnu og að víkka hana enn fremur út. Ég leyfi mér að leggja til að styrkurinn yrði að upphæð 2 milljónir að þessu sinni, en fleiri verkefnastjórar sinna brýnnum verkefnum.

1. Verkefnastjórn Móðurmáls – Renata Emilsson Peskova
2. Bókhald / gjaldkerastarf – Lovísa Sha Mi
3. Verkefnastjórn bókasafnsverkefnisins – Rósa Björg Jónsdóttir

Til þess að fá meðmæli um vinnu samtakanna og verkefnastjóra þeirra vinsamlega hafið samband við eftirfarandi aðila:

Fríða B. Jónsdóttir, verkefnastjóri í fjölmenningu, Skóla- og frístundasvið.

Kristín R. Vilhjálmsdóttir, verkefnastjóri í fjölmenningu, Borgarbókasafn Reykjavíkur

Sabine Leskopf, formaður Starfshópsins um móðurmálskennslu

Birgitta Bára Jónsdóttir, formaður SAMFOK

Virðingarfyllst,

Renata Emilsson Peskova

Formaður Móðurmáls

Netfang: [modurmál@modurmál.com](mailto:modurmál@modurmál.com)

S.: 864 9224

Greiðsluupplýsingar samtakanna Móðurmál:

Reikningsnúmer: 101-05-264557

Kt. 421101-2990

Gjaldkeri: Lovísa Sha Mi



Viðhengi: Sundurliðun styrksins frá 2016

## Borgarráð

DATE	Styrkur	
maí 2016	1.500.000 kr.	
<b>Sundurliðun</b>		
	<b>2016</b>	<b>REP</b>
Maí 16		62500
Júní 16		115000
Sept. 16		130000
Október 16		82500
Nóvember 16		85000
29.9.17		140000
	<b>2017</b>	
21.2.17		91000
Janúar 17		92500
Feb. 17		92500
Mars 17		112500
		<b>231000</b>
		<b>772500</b>
Áætlað		
Apríl-Júní	<b>300000</b>	100000

### Skýringar:

REP Renata Emilsson Peskova, formaður, verkefnastjórn  
LSM Lovísa Sha Mi, gjaldkeri, verkefnastjórn



Málsnr.: R17020179  
Skjalasafn Ráðhúss

21. feb. 2017

Bréfalykill: 1252

**Umsókn um styrk úr Borgarsjóði**

**Málsnúmer**

**Umsækjandi**

#6dagsleikinn – How to Make an Opera (Aequitas Collective í samstarfi við Alþýðuóperuna)

**Nafn umsækjanda**

Alþýðuóperan

**Kennitala**

4404112150

**Heimilisfang**

Hörpugata 7

**Netfang**

aequitascollective@outlook.com

**Póstnúmer**

101

**Staður -**

Reykjavík

**Símanúmer 1**

8491013

**Símanúmer 2**

**Nafn ábyrgðarmanns**

Ísabella Leifsdóttir

**Kennitala ábyrgðarmanns**

291180-2999

**Heimilisfang ábyrgðaraðila**

Miðtún 50

**Póstnúmer ábyrgðaraðila**

105

**Netfang ábyrgðaraðila**

ladivarosa@gmail.com

**Símanúmer ábyrgðaraðila**

8491013



## **Hlutverk ábyrgðaraðila**

Framkvæmdastjóri

### **Banki -**

0513-26-

### **Höfuðbók -**

26

### **Reikningsnúmer -**

040411

## **Lýsing á verkefni**

#6dagsleikinn – How to Make an Opera er ný íslensk/ensk ópera um kynjahyggju á samskiptamiðlum frá tón-leikfélaginu Aequitas Collective í samstarfi við Alþýðuóperuna.

**Heiti verkefnis -** #6dagsleikinn – How to Make an Opera

### **Verkefnið í hnotskurn –**

#6dagsleikinn kynnir sögu af 4 einstaklingum og upplifanir þeirra af Twitter.

Áhorfendur dýfa sér lengst niður í dimma, absúrda og fyndna heim samskiptamiðla og kynnast fernhryntri tjáningu hugsana í formi 140 stafa. Skjárinn á sviðinu verður með „Twitter feed“ í beinni þar sem áhorfendur geta tístað beint inn í atburðarrásina.

### **Verkefnislýsing -**

-Twitter og Youtube ópera

Sýningin sjálf er einstök í sinni gerð enda hefur aldrei áður komið fram „verbatim“ ópera um samskiptamiðla. Sungið verður bæði á íslensku og ensku, en þýðingar verða birtar á skjá. Ferlið verður documenterað með vídeó-bloggi þáttakenda sem birtist á samfélagsmiðlum hópsins, einnig verður ferlið tekið upp og gerð myndbönd til að deila. Sýningum verður streymt beint á netinu.

### **Sótt er um verkefni á sviði**

menningarmála

### **Markmið -**

-Alþjóðlegt samstarf

Aequitas Collective var stofnað í byrjun ársins af íslenskum og enskum listamönnum, þeim Ísabellu Leifsdóttur (óperusöngkonu/framleiðanda), Rosie Middleton (söngkonu) og Michael Betteridge (tónskáldi) með það að markmiði að skoða stöðu kvenna á Íslandi og Englandi í gegnum tónleikhús.

-Styrkur frá Bretlandi

Sótt var um og styrkur fékkst hjá Art Council England til að halda 5 daga vinnustofu og sýna afraksturinn á Íslandi. Síðastliðið vor var auglýst eftir umsóknum höfunda/leikstjóra og í framhaldi af því var Ingunn Lára

Kristjánsdóttir ráðin. Einnig var auglýst eftir söng-leikurum og urðu Jónína (leik- og söngkona) og Arnar Ingi (jazz-söngvari) fyrir valinu. 5 daga smíðja var haldin í júní og afurðin sýnd fyrir áhorfendur í söngskóla Sigurðar Demetz.

-Fullklárað verk

Hér er sótt um fyrir því að ljúka framleiðslunni á tónleikhúsverkinu og setja á svið 4 sýningar á Íslandi.

**Hverjir hafa helst hag af styrknum?**

Fleiri konur en karlar

**Hverjir munu vinna að verkefninu?**

Aðallega konur

**Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)**

Alþýðuóperan hefur sterka jafnréttisstefnu. Ísabella Leifsdóttir sem er stjórnarformaður var í stofnstjórn KÍTÓN (Konur í tónlist) sem hefur barist fyrir því að jafna hlut kvenna í tónlistarbransanum á Íslandi.

**Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?**

#6dagsleikinn notar tíst úr íslensku samfélagi orð fyrir orð til að skoða hvernig tjáning okkar á netinu mótar okkar daglega líf. Hvar lifum við lífinu okkar? Á netinu eða fyrir utan skjáinn? Sýningin rannsakar hvort skuggi svarta skjásins sýnir raunverulegu hlið manneskjunnar og hennar raunverulegu tilfinningar. Hvað segjum við og hvað meinum við í skjóli tölvunnar?

Sérstaklega er fókuserað á hvernig ráðist er að konum með orðum í skjóli nafnleyndar.

Alþýðuóperanhafur að markmiði að færa óperuna til fjöldans, þetta verkefni fellur því fullkomnlega að stefnu félagsins og var stjórnin spennt að taka þátt. Áður hefur Alþýðuóperan framleitt eina óperu í fullri lengd sem og smærri verkefni. Alþýðuóperan hefur m.a. flutt óperur fyrir fólk sem kemst ekki út til þess að sjá þær, á sjúkrahöfnunum og víðar.

**(Mannréttindastefnu má finna hér: [http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-2481/4267\\_view-752/](http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-2481/4267_view-752/))**

**Hvers vegna er þörf fyrir verkefnið og hvernig mætir verkefnið þeirri þörf?**

Það vantar fjölbreyttari afþreyingu fyrir ferðamenn á Íslandi og menningartúrismi eykst með hverju árinu. Við munum markaðssetja okkur fyrir ferðamenn og teljum að samanburðurinn milli landanna, nútímaleg framsetning og afburða listamennirnir muni bæði draga að Íslendinga, Breta og aðra. Stefnt er að því að nota bæði íslensku og ensku en varpa þýðingum upp.

**Verk- og tímaáætlun verkefnisins**

Eftir vinnustofuna okkar í júní síðastliðnum hafa Ingunn Lára, Michael og Ísabella unnið áfram í að þróa

verkefnið. Við teljum að til þess að klára þá vinnu sem hafin er að þá þyrftum við að halda áfram spuna- og samstarfsleikhús-ferlinu (e. improvised & devised) í tvær vikur með öllum hópnum. Í lok þeirrar vinnustofu myndum við sýna afraksturinn boðsgestum. Í framhaldi myndu *Ingunn Lára* og *Michael* koma sýningunni á blað, fullvinna handrit og fínpússa. Um sumarið yrði komið aftur saman, æft í viku og sýndar í framhaldi 2 sýningar. Lokasýning yrði á Cycle tónlistarhátíðinni, en gert er ráð fyrir 1 æfingadegi á undan þeirri sýningu. Cycle tónlistarhátíðin er haldin í október á hverju ári. Við höfum talað við þá sem standa að Cycle og þau hafa áhuga á að fá okkur til sín á næsta ári. Ekki er þó búið að taka lokaákvörðun um sýninguna. Einnig er gert ráð fyrir að streyma sýningum á internetinu, standa að YouTube Vloggi og allskyns deilingum á myndum og texta á samfélagsmiðlum.

### **Æfingatímabil**

Gert er ráð fyrir að allir séu til staðar í langa daga á meðan á æfingum stendur og 2 vikna heimavinnu leikara

### **Túrinn**

Stefnt er að því að sýna óperuna einnig í Bretlandi, bæði í Hull og London. Cycle tónlistarhátíðin hefur sýnt áhuga á að koma að þeim hluta sem snýr að sýningu hér heima og í Hull, en Southbank tónlistarhátíðin hefur sýnt áhuga á

að sýna verkið í Lundúnum. Sótt yrði um styrki frá Art Council England til að koma sýningunum ytra á svið. Einnig verður sótt í erlenda sjóði til að fjármagna framleiðsluna í formi launa og dagpeninga til Rosie og Michael.

### **Hlutverk framkvæmdastjóra**

Ísabella hefur meðfram tónlist stundað störf í markaðsmálum, m.a. var hún ritstjóri WOW air í nokkur ár. Hún mun því ekki aðeins sjá um almenna framkvæmdastjórn heldur einnig markaðssetningu, samfélagsmiðla (sem verða ansi viðamiklir), sem og bókhald, uppgjör við listamenn o.s.frv.

### **Aðrir fagmenn**

Við munum þó þurfa að ráða fagmenn við að taka upp hljóð og mynd til að koma þeim hluta vel frá okkur, sem og ljósmyndara og grafískan hönnuð til að hjálpa við gerð markaðsefnis. Við reiknum með að það þurfi 2-3 myndavélar,

hljóðmann og klippara fyrir myndböndin sem við munum birta jafnóðum og eftirá undir *How to Make an Opera*.

### **Æfingarými og sýningarstaður**



Æft verður í Söngskóla Sigurðar Demetz, en sal skólans höfum við fengið afnot af fyrir lága upphæð. Frumsýning og 2 aðrar sýningar verða í Tjarnarbíói en lokasýning verður á Cycle tónlistarhátíðinni í Salnum í Kópavogi.

**Skilgreinið helstu tekjuliði og upphæðir**

Æfingahúsnæði: 190.000-

Cycle Tónlistarhátíð: 300.000- (óstaðfest)

Miðasala: 500.000-

**Skilgreinið helstu útgjaldaliði og upphæðir**

Laun á æfingatíma: 11.000.000-

Æfingahúsnæði: 195.000-

Ferðakostnaður: 200.000-

Dagpeningar: 249.600-

Tækjabúnaður: 100.000-

Efniskostnaður: 750.000-

Aðkeypt þjónusta: 1.500.000-

Sýningarhúsnæði: 281.248-

Sýningarlaun flytjenda: 512.000-

Tæknimenn sýninga: 256.000-

Sýningarstjórn: 256.000-

Kynningarefni: 500.000-

Auglýsingar: 150.000-

Akstur: 50.000-

**Verkpættir og fjármögnun**

**Áætluð útgjöld Upphæð**

15.999.848-

**Áætlaðar tekjur Upphæð**

990.000-

**Fjármögnununaraðili Upphæð**

**Styrkveitandi Upphæð**

**Upphæð sem sótt er um: -**

1.000.000-

**Fjármögnun annarra aðila (annarra en Reykjavíkurborgar):**

**Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Hvaða?**

Launasjóð sviðslistafólks: 3.514.000-

Opinber styrkur til atvinnuleikhópa: 10.000.000-

Arts Council England: 500.000-

**Aðrar upplýsingar**

-Myndband

Aequitas Collective gaf út myndband í sumar til að sýna afrakstur vinnustofunnar, það gefur skýra mynd af sköpunarkrafti hópsins. [https://www.youtube.com/watch?v=qa3vGKwM\\_hM](https://www.youtube.com/watch?v=qa3vGKwM_hM)

Íslenskir samstarfsaðilar Aequitas eru: Söngskóli Sigurðar Demetz, KÍTÓN (konur í tónlist), Íslensk tónverkamiðstöð, Alþýðuóperan en óstaðfestir eru Cycle tónlistarhátiðin og Southbank Music Festival

Vonast er til að geta fjármagnað dagpeninga og laun Michaels og Rosie að einhverju leyti úr erlendum sjóðum. Michael sér um umsóknir þeim megin hafsins en það sem búið er af verkefninu var styrkt af Arts Council England og vonum við að þau hafi áhuga á að styrkja verkefnið áfram.

**Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda?**

Já

**Hefur umsækjandi áður fengið styrk frá Borgarsjóði hvenær og ef svo, upphæð styrks?**

250.000- voru veittar í verkefnið Sýningar/fræðsludagsskrá árið 2011. Einnig fengum við loforð um styrk árið 2012 fyrir Rakarann en ekki náðist að fullfjármagna það verkefni svo sá styrkur var aldrei sóttur.

**Annað sem umsækjandi vill taka fram**

Ég sendi með ferilskrár þáttakanda, frétt um Aequitas og myndræna framsetningu leikstjórans á verkinu.

Ég vil einnig hvetja ykkur til að líta á [https://www.youtube.com/watch?v=qa3vGKwM\\_hM](https://www.youtube.com/watch?v=qa3vGKwM_hM)



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Skrifstofa borgarstjórnar co. Bjarni Thoroddsen

**Sendandi:** Signý Pálsdóttir

---

Efni:

*Styrkumsókn Alþýðuóperunnar v. #6dagsleikinn - How to make an opera. Eða Bergmálsklefinn. Tilvísun í mál: R17020179*

Texti:

Það kom í ljós í við fyrirspurn umsóknaraðila 10.3.2017 að styrkumsókn Alþýðuóperunnar v. #6dagsleikinn - How to make an opera hafði dottið milli þilja í rafrænu umsóknarferli og ekki borist menningar- og ferðamálasviði, sem lauk úthlutun sinni fyrir júl vegna styrkja 2017. Hún var send sviðsstjóra frá skrifstofu borgarstjórnar til umsagnar 27.3. Sótt er um styrk að upphæð 1 m.kr.

#6dagsleikinn - How to make an opera er skv. umsókn 30.9. 2016 ný íslensk/ensk ópera um kynjahyggju á samskiptamiðlum unnin af tónleikfélaginu Aequitas Collective í samstarfi við Alþýðuóperuna. Verkefnið kynnir sögu 4 einstaklinga og upplifun þeirra af Twitter. Alþýðuóperan hefur sterka jafnréttisstefnu og verkefnið fellur vel að mannréttindastefnu borgarinnar. Sérstaklega er fókuserað á hvernig ráðist er að konum með orðum í skjóli nafnleyndar.

Alþýðuóperan er sjálfstætt óperufélag sem leggur áherslu á að gera óperur aðlaðandi og skemmtilegar fyrir almenning. Alþýðuóperan nálgast áhorfendur á nýjan hátt með því að sýna í almenningssýningum, s.s. á vínveitingastöðum, skólum, almenningsgörðum og hjúkrunarheimilum. Tungumál sýninganna eru íslenska og enska, til að höfða til sem flestra. Alþýðuóperan framleiðir farandssýningar, þær eru smáar í sniðum svo hægt sé að flytja þær auðveldlega milli rýma, landshluta og landa. Frá því að umsókn var send fyrst 2016 virðist nafnið hafa breyst, en á vef Alþýðuóperunnar segir að „Alþýðuóperan mun á næsta starfsári í samstarfi við Íslensku óperuna setja upp nýja óperu sem nefnist Bergmálsklefinn eftir enska tónskáldið Michael Betteridge og Ingunni Láru Kristjánsdóttur. Verður verkið frumsýnt í janúar 2018. Óperan fjallar m.a. um dómhörkuna á samfélagsmiðlum með



beinskeyttum hætti og höfundar nota Twitter til að sýna skilin milli þess sem gerist í heimi samfélagsmiðla og raunveruleikans. Áhorfendur geta tekið þátt með því að tísta beint inn í sýninguna. Söngvarar verða Ísabella Leifsdóttir, Rosie Middleton og Jónína Björt Gunnarsdóttir ásamt einum karlsöngvara sem verður kynntur síðar."

Eftir umsókn að dæma og upplýsingum á vef þá er undirbúningur vel á veg kominn og verða minni sýningar á meðan á þróunarferlinu stendur þó endanleg frumsýning sé ekki fyrr en í janúar 2018. Gert er ráð fyrir sýningum bæði á Íslandi (Tjarnarbíó, Salnum og víðar) og síðan í Bretlandi í kjölfarið.

Alþýðuóperan hefur áður fengið vilyrði fyrir styrk frá menningar- og ferðamálaráði eftir meðmæli ráðgefandi faghóps um styrki, en þar sem ekki varð af því verkefni þar sem ekki tókst að fjármagna það var hann ekki greiddur út.

Bergmálsklefinn eða #6dagsleikin) virðist hins vegar kominn það vel á veg að af honum verður. Sýning er einstök í sinni gerð og hefur hugmyndin fengið mjög góðar viðtökur, styrk um vinnustofur hjá Art Council England, en sú afurð var sýnd í söngskóla Sigurðar Demetz. Þá hefur hún fengið m.a. vilyrði um styrk frá Rannís og listamannalaun.

Verkefnið er frumlegt og sérstakt og telur undirrituð að Reykjavíkurborg væri sómi að því að tengja sig við það. Því mælir undirrituð með amk 500.000 kr. styrk til verkefnisins.

Virðingarfyllt

Signý Pálsdóttir

Skrifstofustjóri menningarmála / Head of Cultural Office  
Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar / Reykjavik Culture and Tourism  
Ráðhúsið / Reykjavik City Hall  
Tjarnargata 11, 101 Reykjavik Iceland  
Tel. + 354 4116021, Mob. + 354 693 9355.  
[signy.palsdottir@reykjavik.is](mailto:signy.palsdottir@reykjavik.is)

# Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

## Umsækjandi

Málsnúmer P-2016-09-30-0110

Nafn umsækjanda Arcus Films ehf.

Kennitala 4506090640

Heimilisfang Sólvallagötu 39

Netfang arcus@arcusfilms.com

Póstnúmer 107

Staður Reykjavík

Símanúmer 1 7767633

Símanúmer 2 7767633

Nafn ábyrgðarmanns Ársæll Nielsson

Kennitala ábyrgðarmanns 1204833829

Heimilisfang ábyrgðaraðila Holtsgata 21

Póstnúmer ábyrgðaraðila 101

Netfang ábyrgðaraðila arsaell@arcusfilms.com

Símanúmer ábyrgðaraðila 8473823

Hlutverk ábyrgðaraðila Framleiðandi

Banki 0513

Höfuðbók 14

Reikningsnúmer 406248

Málsnr.: R17020180  
Skjalasafn Ráðhúss  
21. feb. 2017  
Bréfalykill: 1252

## Lýsing á verkefni

Heiti verkefnis Ratatam - forvarnarmyndbönd

Verkefnið í hnotskurn Vinnsla og dreifing forvarnarmyndabanda sem taka á kynjamisrétti og kynbundnu ofbeldi.

### Verkefnislýsing

Leikhópurinn Ratatam hefur unnið að leiksýningunni SUSS! í rúmt ár. Við undirbúning hefur hópurinn tekið viðtöl við yfir 50 manns um reynslu þeirra af kynbundnu ofbeldi. Aðeins hluti þess efnis ratar í sýninguna. arcus og Ratatam hyggjast vinna stutt leikin myndbönd upp úr því efni sem ekki ratar á sviðið. Myndböndum verður dreift á samfélagsmiðlum auk þess sem leitað verður til fjölmiðla og sjónvarpsstöðva í viðleitni til að auka dreifingu efnissins. Framkvæmd verkefnisins fer fram með hefðbundnu framleiðsluferli kvikmyndaverka s.s forframleiðsla, framleiðsla, upptökur og eftirvinnsla. Við munum einnig framkvæma myndskaið með 360° gráðu myndatöku sem styður við skilaboð okkar um samfélagslega ábyrgð þegar kemur að kynbundnu ofbeldi. Þar sem áhorfandi getur tekið þátt eða ráðið hvert hann horfir í rýmið á myndskaiðinu. Yfirskriftin er "Ekki líta undan" eða "bankað uppá". Leikin efni myndskaiðanna munu í flestum tilvikum byggjast á sönnunum atburðum. Skilaboð myndskaiðanna verða til þess að hvetja áhorfandan til að bregðast við ef hann verður var við kynbundið ofbeldi, sjá ábyrgð sína í slíkum málum í stað þess að líta undan og tilkynna þau til lögreglu.

Sótt er um verkefni á Félags- og velferðarmála sviði

### Markmið

Meginmarkmið verkefnisins er að framleiða 10 leikin myndskaið um jafnrétti kynjanna í víðu samhengi með því að varpa ljósi á misrétti sem almenningur er blindur fyrir. Myndskaiðin eru stutt, hnitmiðuð og dreifast á samfélagsmiðla og eiga það sameiginlegt að ná til einstaklinga á aldrinum 16- 40 ára sem eru í meiría mæli á samfélagsmiðlum og hafa tilhneigingu til styttri athygli á



netmiðlum þar sem áreiti er stöðugt. Myndskeiðin eru mörg hver byggð á raunverulegum atburðum úr íslenskum veruleika. Myndskeiðin munu: - Varpa ljósi á mismunun kynjanna í samfélaginu og þá ávinning beggja kynja fyrir auknu jafnrétti á heimilinu og á vinnustað. - Hvetja fólk til að setja sig í spor annarra og varpa ljósi á samfélagslega ábyrgð og ávinning okkar allra til aukins jafnréttis. - Vekja athygli á kyndbundnu ofbeldi í nánum samböndum og hvetja til aðgerða ef fólk verður vitni að slíku. (Ekki líta undan, bönkum upp á). Barátta gegn ofbeldi inni á heimilum er hluti af jafnréttisbaráttunni. - Berjast gegn staðalmyndum meðal karlmanna. Karlmennt geta verið „fórnarlömb karlmennskuhugmynda“ sem rýrir lífsgæði þeirra og hefur t.d áhrif á nám og starfsval. - Útrýma mýtum um að jafnrétti sé einungis konum til hagsbóta eða að jafnrétti og að jafnréttismál komi karlmönnum ekki við. Karlmennt þurfa að vera óhræddir að taka þátt, láta í sér heyra, leita sér aðstoðar varðandi andleg og líkamleg veikindi, markmiðið er að varpa ljósi á mikilvægi þátttöku karlmanna í baráttunni fyrir betri lífsgæði karlmanna og kvenna. - Við viljum vekja athygli á jafnréttismálefnum meðal ungs fólks og hvetja til aðgerða eða þátttöku í baráttunni, einnig uppræta fordóma sem ungt fólk hefur oft á tíðum fyrir jafnréttismálum eða veit ekki hvernig það á að bregðast við málefnum tengdu óréttlæti og jafnrétti. -Opna fyrir fjölbreyttari sýn á kynjahlutverkum, einstaklingar sama kyns ólíkari en milli kynja. -Foreldraútskýfun (e. Parental alientaion), forsjárréttindur foreldra sé jafnaður út.

**Hverjir hafa helst hag af styrknum?** Bæði kynin jafnt

**Hverjir munu vinna að verkefninu?** Aðallega konur

**Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)** -

**Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?**

Ósýnilegt þak hindrar konur í að komast á toppinn í atvinnulífni og ósýnilegir veggir hindra karlmenn í að taka fullan þátt í heimilisstörfum og vinna þarf að hvoru tveggja á báðum "vígstöðvum" til að jafna stöðu kynjanna. Það er langtíma verkefni og hulunni yfir misgengi kynjanna er svipt rólega af samfélaginu. En með stuttum myndböndum, viljum við vekja fólk upp af staðlaðri kynbundinni hugsun. Okkur langar sérstaklega að sýna hversu mikilvægt jafnrétti er okkur öllum, konum, körlum, börnum, fólki af erlendum uppruna, ólíkum trúarflokkum og þar fram eftir götunum. Við viljum ekki einungis varpa ljósi á málefni kvenna og annarra minnihlutahópa í þessum efnum, heldur einnig karlmanna. Það er hagur okkar allra. Skilaboðin verða skýr og hnitmiðuð og ættu að leiða til samfélagslegrar umræðu fólks, opna fyrir jákvæðu viðhorfi gagnvart mikilvægum málefnum og hvetja ungt fólk til aukinnar meðvitundar um samfélagið í kringum það sem leiðir af sér aðgerðir.

**Hvers vegna er þörf fyrir verkefnið og hvernig mætir verkefnið þeirri þörf?**

Við setjum fyrirbyggjandi þekkingu í nýjan búning í gegnum miðla og tölum til markhóps sem við teljum þurfa á markvissri áminningu um jafnrétti að halda. Við teljum sem svo að almenningsvitneskja er ekki svo almenn og því má alltaf bæta við fræðslu og minna fólk á það sem það veit jafnvel fyrir. Sem dæmi er ekki almenn vitneskja að fyrirtækjum sem stjórnað er bæði af körlum og konum vegnar betur (Elborgh-Woytek o.fl., 2013) Þess vegna munum við hafa stutt hnitmiðuð myndskreið og frumsýna þau á 2 vikna fresti í 4 mánuði til að varpa ljósi á niðurstöðum rannsókna sem nær svo sjaldan til almennings eins og dæmið hér að ofan sýnir. Við lögðum einnig fyrir megindlega rannsókn á 100 manna úrtaki þar sem 55% kvenna töldu sig hafa upplifað ójafnrétti vegna kyns síns síðustu 12 mánuði í samskiptum, launamismun eða öðru kyndbundnu ójafnrétti. Við höfum einnig spurst fyrir um ólíkar skoðanir ungs fólks á jafnrétti og í meira mæli eru ungar konur sem vilja ekki kalla sig "feminista" vegna neikvæðrar merkingar sem lagst hefur á orðið. Umræðan á samfélagsmiðlum hefur verið að setja neikvæða hleðslu í orðið og ungir menn geta verið fáfróðir og/eða fordómafullir um það hvað jafnrétti snýst um. Eins eru þeir hræddir um að jafnrétti taki af þeirra réttindum og líta því á baráttuna sem ógn. Markmiðið er að vinna að myndskreiðunum með því að varpa ljósi á staðreyndir og vinna að því að útrýma þessum og fleiri mýtum um jafnrétti. Eins og v varpa ljósi á að jafnrétti kynjanna stuðlar að betri nýtingu mannauðs, eykur vörðmætasköpun og rannsóknir sýna að jafnrétti helst í hendur við hamingjuskalann m.ö.o. Aukið jafnrétti eykur hamingju allra í samfélaginu, líka barnanna okkar. Nýnæmi verkefnisins er formið á myndskreiðunum sem er að ryðja sér til rúms hér á landi eins og t.d á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík sem og Órvarpið sem er ömyndakeppni á RÚV. Því teljum við þetta form eiga vel við þar sem löggö er áhersla á stutt myndskreið. Samfélagið hefur mótandi áhrif á hvernig við bregðumst við í ákveðnum aðstæðum. Það eru oft á tíðum rötgrónar og ómeðvitaðar hugmyndir sem vinna gegn siðferðiskennd manneskjunnar og gegn jafnrétti. Við myndum halda að ef við gengjum framhjá manneskju í vanda, myndum við rétta fram hjálparhönd. Málið er því miður flóknara en svo. Togstreyta mannsins yfir því að hann ætti að hjálpa á móti því að hann ætti að vera að gera það sem allir eru að gera í kringum hann, labba framhjá án þess að veita aðstoð, ákveðin hjarðhegðun myndast í slíkum tilvikum sem gerir einstaklingi erfiðara fyrir að rísa upp á móti straumnum. Slík hegðun hefur mikið verið rannsökuð innan sálfræðinnar og félagsfræðinnar og nefnist hún e. Bystander effect og vísar til þess að því fleiri sem sjá manneskju í vanda því ólíklegra er að einhver veiti aðstoð. Þessu virðist valda að dreifing ábyrgðar er of mikil. Þessu ber saman við að þegar nágrannar verða vitni að heimilisofbeldi, hringja þeir sjaldnast í lögregluna. Samkvæmt rannsókn frá Háskóla Íslands á ofbeldi gegn konum komst Ingólfur V. Gíslason að þeirri niðurstöðu að utanaðkomandi aðilar tilkynna sjaldan eða aldrei ofbeldi í nánum samböndum til lögreglunnar, það er í öllum tilvikum þolandinn. Við viljum vekja athygli á að ofbeldi er samfélagslegt vandamál. Ofbeldi í nánum samböndum tengist jafnrétti og samfélagsleg ábyrgð okkar allra er að skipta sér af og opna augun fyrir slíku. Fleiri mál myndu koma upp á yfirborðið og hægt væri að hjálpa fleirum í vanda.

**Verk- og tímaáætlun**

Handrit og undirbúningur - feb Tökur - mars Eftirvinnsla - mars/apríl Sýningar - maí - júní

verkefnisins

### Verkbættir og fjármögnun

#### Áætluð útgjöld

Skilgreinið helstu útgjaldaliði og upphæðir

Áætluð útgjöld	Upphæð
Undirbúningur	1000000
Verkefnastjórar	3000000
Tækjaleiga	1000000
Leikarar	3250000
Hljóð	700000
Tökumaður	800000
Förðun	600000
Búningar og sviðsmynd	700000
Eftirvinnsla	750000
Dreifing og markaðssetning	800000
Stjórnunarkostnaður	150000
Samtals	12.750.000

#### Áætlaðar tekjur

Skilgreinið helstu tekjuliði og upphæðir

Áætlaðar tekjur	Upphæð
-	-
-	-
-	-
Samtals	0

Upphæð sem sótt er um: 2000000

#### Fjármögnun annarra en Reykjavíkurborgar:

Fjármögnununaraðili	Upphæð
Reykjavíkurborg	2000000
Jafnréttissjóður	2000000
Evrópa unga fólksins (óstaðfest)	3850000
KarolinaFund (markmið)	1000000
Víkjandi kostnaður	3900000

Samtals  
12.750.000

Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Ef svo er, frá hverjum?

Styrkveitandi	Upphæð
Jafnréttissjóður	2000000
Evrópa unga fólksins (óstaðfest)	3850000

Samtals

5.850.000

**Aðrar upplýsingar**

Hefur Reykjavíkurborg  
áður sýnjað verkefni  
umsækjanda? Nei

Hefur umsækjandi áður  
fengið styrk úr  
borgarsjóði ? Ef svo  
er, hvenær og hver var  
upphæð  
styrksins/styrkjanna? Nei

Annað sem  
umsækjandi vill taka  
fram -



			Váframtal
Undirbúningur	2 1 mánuður	1.000.000	500.000
Verkefnastjórar	3 2 mánuðir	3.000.000	1.500.000
Myndbönd, leiga á tækjabúnaði	10 2 dagar	1.000.000	100.000
Leikarar	5 20 dagar	3.250.000	1.500.000
Tökumaður	1 20 dagar	800.000	100.000
Hljóð	1 20 dagar	700.000	50.000
Förðun	1 20 dagar	600.000	50.000
Búningar og sviðsmynd	1 20 dagar	700.000	50.000
Eftirvinnsla	1 21 dagur	750.000	50.000
Dreifing og markaðssetning	1 1 mánuður	500.000	0
Markaðsefni	1	300.000	0
Ótilgreindur kostnaður	1	150.000	0
<b>Samtals</b>			<b>3.900.000</b>

Sótt er um

Til þess að verkefnið verður að veruleika mun verkefnastjórar sem og aðrir aðstandendur víkja hluta af launakostnaði sínum (sjá víkjandi).

Aðrir styrktaraðilar	Staða	Samtals
Evrópa Unga fólksins	óstaðfest	3.850.000



Borgarráð

### ***Umsögn styrkumsóknar Ratatam***

Í styrkumsókn sem móttækin var 21. febrúar 2017 óska Arcus Films ehf. eftir 2 milljónir króna styrk frá Reykjavíkurborg til að vinna 10 forvarnarmyndbönd/myndskeið um kynbundið ofbeldi. Ætlunin er að vinna stutt leikin myndbönd sem byggja á viðtölum sem leikhópurinn Ratatam tók við fólki um reynslu þess af kynbundnu ofbeldi.

#### **Markmið verkefnisins:**

Varpa ljósi á kynjamisrétti og kynbundið ofbeldi.

#### **Hverjir standa að verkefninu:**

Verkefnið er samstarfsverkefni leikhópsins Ratatam sem setti á svið leiksýninguna SUSS!, um kynbundið ofbeldi, sjá <http://tjarnarbio.is/vidburdir/suss-3/> og kvikmyndafyrirtækisins Arcus Films ehf, sjá <https://arcusfilms.wordpress.com/about/>

#### **Dreifing:**

Ætlunin er að dreifa efninu á samfélagsmiðlum og á sjónvarpsstöðvum.

#### **Afstaða mannréttindaskrifstofu:**

Reykjavíkurborg hefur unnið markvisst gegn ofbeldi og er verkefnið í takt við þær áherslur. Verkefnið fellur einnig vel að mannréttindastefnu borgarinnar. Þar segir í grein 2.1.2. „Reykjavíkurborg einsetur sér að vinna gegn kynbundnu ofbeldi, hvort sem það er andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt.“

Mannréttindaskrifstofa mælir með því að verkefnið sé styrkt um eina milljón kr.

Með kveðju

Anna Kristinsdóttir  
Mannréttindastjóri





## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Skrifstofa borgarstjórnar co. Bjarni Thoroddsen

**Sendandi:** Signý Pálsdóttir

---

Efni:

*Arcus Film sækir um styrk vegna forvarnamyndbanda RaTaTam. Málsnr. R17020180*

Texti:

Vísað er til styrkumsóknar Arcus Films ehf. dags. 21. feb 2017 um verkefni á sviði félags- og velferðarmála, RaTaTam forvarnarmyndbönd, er send var menningar- og ferðamálasviði til umsagnar þ. 4.apríl 2017, en þá hafði mannréttindaskrifstofa þegar veitt umsögn. Í umsókninni óskar Arcus Films ehf. eftir 2ja m.kr. styrk til að vinna 10 forvarnarmyndbönd/myndskeið um kynbundið ofbeldi. Myndböndin byggja á mikilli vinnu RaTaTam sem skilar sér aðeins að hluta í sýningunni SUSS!!

Leikhópurinn Ratatam vann að leiksýningunni SUSS!!! í leikstjórn Charlotte Böwing í heilt ár og byggði hana á reynslusögum, þolenda, geranda og aðstandenda, um heimilisofbeldi. Leikhópurinn RaTaTam var útnefndur Lifthópur Reykjavíkur 2017 en þessi ágæti sviðslistahópur rannsakar mannlegt eðli og mannleg samskipti. Hópurinn vill nýta leikhús til að opna á umræðu, stinga á kýli, ljá fegurðinni vængi og gera list sem skiptir samfélagið máli. Hann er sterkur og drífandi og hefur löngu sannað sig með öfluglu starfi sínu, síðast með verkinu SUSS!!! í Tjarnarbíói.

Undirrituð tekur undir meðmæli mannréttindaskrifstofu um mikilvægi verkefnisins og að það sé styrkt um eina milljón kr.

Virðingarfyllst

Signý Pálsdóttir

Skrifstofustjóri menningarmála / Head of Cultural Office  
Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar / Reykjavík Culture and Tourism  
Ráðhúsið / Reykjavík City Hall  
Tjarnargata 11, 101 Reykjavík Iceland  
Tel. + 354 4116021, Mob. + 354 693 9355.  
[signy.palsdottir@reykjavik.is](mailto:signy.palsdottir@reykjavik.is)

Signý Pálsdóttir





## Bjarni Þóroddsson

---

**Frá:** Lara Sigurdardottir <lara@sessionimpossible.com>  
**Sent:** 25. mars 2017 11:12  
**Til:** Styrkir; sigridur arna sigurdardottir  
**Efni:** Útipúkar - verkefni um aukan samveru, útivist og hreyfingu í Reykjavík og nágr  
**Viðhengi:** RWK\_Klambratun.pdf; RWK\_Laugardalslaug.pdf; RWK\_Oskjuhlid.pdf;  
RWK\_Sjominjasafnid.pdf; RWK\_Ulfarsfell.pdf; RWK\_Videy.pdf

**Flokkar:** Grænn flokkur; Gulur flokkur

Góðan dag,

Við stöndum að verkefninu Útipúkar sem felst í því að kynna afþreyingu sem er í boði í Reykjavík og nágrenni. Sem dæmi gáfum við út bókina “Útivist og afþreying fyrir börn – Reykjavík og nágrenni” árið 2012 og erum með vefsíðuna [utipukar.is](http://utipukar.is) auk þess að vera á Facebook undir Útipúkar. Sem dæmi höfum við kynnt ýmis söfn og útivistarsvæði í Reykjavík. Frá því að við byrjuðm verkefnið árið 2012 höfum við orðið varar við mikla hugarfarsbreytingu hjá fjölskyldum. Aðsókn hefur aukist á söfn eins og Þjóðminjasafnið og fleiri eru farnir að stunda útvist með börnum.

Við höfum einnig í tvígang staðið fyrir fjölskyldudegi í Öskjuhlíð þar sem fjölskyldur fengu að kynnst margskonar afþreyingu sem hægt er að stunda í náttúrunni. Aðsóknin var góð og mikil ánægja meðal gesta.

Okkur finnst vanta efni fyrir enskumælandi fjölskyldur búsettar á höfuðborgarsvæðinu og gesti. Því tókum við saman efni í bókina “Reykjavik with kids”. Eins og með fyrri verkefni þá er markmið bókarinnar að auka samveru, útivist og hreyfingu fjölskyldna með því að benda á fjölskylduvæna staði í Reykjavík- sjá sýnishorn í viðhengi.

Við höfum unnið verkefnið í sjálfböðavinnu og leggjum við út allan kostnað af útgáfunni svo sem prentkostnað og markaðssetningu. Það myndi því hjálpa okkur að koma bókinni á framfæri ef Reykjavíkurborg hefði tök á að styrkja verkefnið.

Með bestu kveðju,

Lára G. Sigurðardóttir (s. 895-0804) og Sigríður Arna Sigurðardóttir (s. 659-0971)



es  
r-  
05

**Klambratún playground** (Klambri's field) is in the lot of Kjarvalsstaðir (p.68). It is a large play area for all kinds of sports. It is popular among kids and adults, especially during the summer. You can play frisbee golf, badminton and more sports. The field takes the name from the farm Klambri that stood there until the mid 19th century. *Location: Kjarvalsstaðir, Flókagata 105 Rvík. To get to the playground you can walk to the other end of the lot from Kjarvalsstaðir.*

4 1+ 0+



## soak in waterpark



**Laugardalslaug** is very popular among kids that like to challenge each other and themselves in the on-water course. There is an 8 m high and 84 m long waterslide as well as an 8-hole minigolf course. There is also a nice hot tub with sea water. Laugardalslaug is close to the museum of Ásmundur (p.69), the zoo and other activities in Laugardalur. *Open daily.*

*Location: Sundlaugavegur 30, 105 Reykjavík. Tel: +354 411 5100. 4 0+ 5-*

SI  
19  
co  
(o  
da

## explore nature



ur

vs

1  
s.

**Öskjuhlíð** (casket hill) is known for war relics, rabbits, nice trails and for being a great outdoor area for families. It is covered by almost 300,000 trees that have been planted. You can pick a secret hollow, sit down and listen to the sounds of nature while enjoying a picnic. The kids can climb trees, talk to birds and chase wild rabbits. Perlan (p.23) is in the same area and if you go behind it you will find a path to relics from World War II but be careful of steep cliffs. *Location: Öskjuhlíð, 105 Reykjavík.*

4 0+ 0+



**Reykjavik Maritime Museum** is located by the old harbour (p.20). Icelanders are one of the largest fishing nations in Europe and financially have been dependent on fishing since the time of settlement. The main purpose of the museum is to tell the story of our fishing. It has a special playing area for kids where they can dress in oilskins and sit in a rowing boat. The coast guard ship Óðinn (as in the Nordic mythology) is docked next to the museum for guests to explore and it is a great adventure for kids to go on board. Open daily 10am-5pm, guided tours on Óðinn at 1pm, 2pm & 3pm. Location: Grandagarður 8, 101 Rvík. Web: [reykjavikcitymuseum.is](http://reykjavikcitymuseum.is) 2 0+ 17-






**Úlfarsfell** is a small mountain (296 m) located close to the border of the greater city area. This mountain has trails that are perfect for people with children. The mountain is named after Úlfar, which means wolves so we like to imagine we are looking for wolf tracks. At the top is a stunning view of the city. The hike takes about 2 hours and you will pass by a treehouse, bridges and creeks. Just remember to bring warm clothes, hiking shoes, water and food. The access is easy, the parking area at Hamrahlíð is next to a beautiful forest with a seating area. *You can take the bus or go by car to Hamrahlíð at Vesturlandsvegur, 270 Mosfellsbær.* 1 6+ 10+

M  
Th  
slá  
jev  
bu  
m:  
Th  
foi

## escape the city



**Viðey** is a peaceful island only 5 min by boat from Reykjavik. Visiting there feels like going back in time. It was inhabited from the 10th century to WWII and you can still see remnants in the eastern part. Viðey House was built in 1755 and is the oldest stonehouse in Iceland. Next to it is the second oldest church in Iceland, Viðeyjarkirkja, consecrated in 1774. Nowadays, Viðey is mainly used for outdoor activities and festivities.





## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Skrifstofa borgarstjórnar co. Bjarni Thoroddsen

**Sendandi:** Signý Pálsdóttir:

---

Efni:

*Umsögn. Útípukar. Tilvísun í mál: R17030255.*

Texti:

Styrkumsókn barst með tölvupósti í styrkjanetfang borgarinnar 25. mars 2017 frá Láru G. Sigurðardóttur og Sigríði Örnú Sigurðardóttur. Hún var send menningar- og ferðamálasviði til umsagnar 28. mars með ítrekun 28.4. Annir og páskafri umsagnaraðila komu í veg fyrir að umsögn væri gerð innan 21 dags skilafrests, en undirrituð hafði reyndar bent á það þ. 28.3. að hún mæti það sem svo að skrifstofa borgarstjórnar gæti hafnað umsókninni beint í ljósi styrkjareglna.

Umóknaraðilar gáfu út bókina „Útivist og afþreying fyrir börn – Reykjavík og nágrenni“ í nóvember 2012 með þann tilgang að auðvelda fjölskyldum að finna afþreyingu við sitt hæfi. Fallegar myndir prýða bókina sem börn hafa gaman af að skoða og taka þátt í að velja staði til að heimsækja. Í bókinni eru fjöldi hugmynda að útivist og afþreyingu innanhúss, jólastemningu, leikjum, nesti, veitingastöðum og námskeiðum. Auk þess er kafli með blómum til að kenna börnum að þekkja helstu tegundirnar og leiðarkort eru aftast í henni. Heimasíðan utivist.is var stofnuð í tengslum við bókina.

Nú hafa umsóknaraðilar tekið saman efni í bókina “Reykjavík with kids”. Þeim finnst vanta efni fyrir enskumælandi fjölskyldur búsettar á höfuðborgarsvæðinu og gesti.

Að sögn umsóknaraðila hafa þeir unnið verkefnið í sjálfböðavinnu og lagt út allan kostnað af útgáfunni svo sem prentkostnað og markaðssetningu. Það myndi því hjálpa þeim að koma bókinni á framfæri ef Reykjavíkurborg hefði tök á að styrkja verkefnið.

Umsóknin er ekki unnin á umsóknareyðublöð fyrir styrki enda utan hefðbundins umsóknarfrests. Engin fjárhagsáætlun fylgir, ekki er getið um umsóknarupphæð og fleiri upplýsingar vantar.



Meiningin er góð og innihaldið, en ýmis svið og stofnanir borgarinnar sinna faglega barnamenningu og kynningu hennar.

Í ljósi reglna Reykjavíkurborgar um styrki sem sækja ber um fyrir fyrsta október ár hvert með rafrænni umsókn fyrir komandi ár, verklagsreglna menningar- og ferðamálasviðs sem gerir ráð fyrir faglegri úthlutun umsókna árlega og þess að ekki er um bráðamál að ræða sér undirrituð ekki ástæðu til að borgarráð styrki verkefnið. Lagt er til að umsækjendur verði hvattir til að halda vöku sinni í haust vegna styrkveitinga 2018.

Virðingarfyllst

Signý Pálsdóttir

Skrifstofustjóri menningarmála / Head of Cultural Office  
Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar / Reykjavík Culture and Tourism  
Ráðhúsið / Reykjavík City Hall  
Tjarnargata 11, 101 Reykjavík Iceland  
Tel. + 354 4116021, Mob. + 354 693 9355.  
[signy.palsdottir@reykjavik.is](mailto:signy.palsdottir@reykjavik.is)